

Átök kynjanna og athvarf kvennanna grein í Degi-Tímanum 6. júní 1997

Þemistókles, sem var borgarstjóri í Aþenu fyrir um 2500 árum, komst svo að orði:

„Aþenubúar lúta minni stjórn, en ég lýt stjórn konunnar.“ Orð Þemistóklesar lýsa í hnotskurn eðli hins forna feðraveldis, sem stundum er svo nefnt. Í hugtakinu, sem raunar er ættað úr mannfræðinni, felst, að karlar fara með opinbera stjórnsýslu og sinna að mestu trúariðkun, listum og vörnum. Konan hefur hins vegar meginumsjón með heimilishaldi og umönnun barna á vissu þroskaskeiði.

Þetta er með öðrum orðum hið ævafora leiksvið hins hamþrungna gleðileiks karl og kvenna um áhrif og völd. Í tímas rás hafa handrit og hlutveik verið með svipuðu sniði, þrátt fyrir smávægileg tilbrigði. Karlinn verndar, veitir, skapar og fóstrar (einkum drengi) á ákveðnu aldursskeiði. Konan nærir og hlynnir að. Hlutverkin setja kynjunum augljóslega skorður í heimi, þar sem þreyja þarf bæði þorra og góu, og verjast tortímingu af völdum kynbræðra og kynsystra. Einkum er hermennskan drengjum og körlum þung í skauti. En þeim hefur í aldanna rás óspart verið beitt til verndunar samfélagsins. Í því ljósi er skiljanlegt, að mæður skulu alla tíð hafa eggjað syni sín ötullega til dáða á vígvellinum.

Þannig hafa mæðurnar slegið tvær flugur í einu höggi; annars vegar hlotið vernd gegn árás og ánaud andstæðingsins og hins vegar fengið útrás fyrir eigin heift og hatur. En mæðrum (og konum almennt) til mikillar hrellingar hafa vopnin stundum snúist í höndum þeirra eins og spjótíð, sem ætlað var Gunnari forðum. Forritunin klikkaði. Trúir hlutverki sínu hafa karlar ævinlega að öðru leyti gert sér far um að vernda konur og afkvæmi sín. Fórnarlund þeirra virðist takmarkalaus. Heiðursmaður er sá, er leggur líf sitt undir til að verja heiður konu eða orðstír. Í aldanna rás hefur verndarhvet karlmanna grafið kirfilega um sig í iðrum sálarinnar.

En hver er umgjörðin eða leikmyndin í dag? Tækni og vísindi skapandi karlmanna gerir okkur nú kleift í hið fyrsta sinn í þroskun tegundarinnar að hnika til hlutverkaskipan þeirri, er ég lét borgarstjórnann, Þemistókles, lýsa hér að framan. Samskipti kynjanna geta nú losnað úr viðjum hinnar öldnu hlutverkanaudungar og þróast til frelsunar, jafnvægis og þroskunar. Konur geta aflað aðfanga og stundað hernað með sama árangri og karlmenn. Hratt vöðvaafli er ekki lengur nauðsynleg og ofurlítið frábrugðið miðtaugakerfi er engin hindrun. Feður geta nú ræktað garð góðra tilfinninga og yljað sér um hjartrætur með börnum sínum.

Leikmynd sagði ég. Að sumu leyti ber hana þó að skoða sem draumsýn. Ég á mér þessa draumsýn með fjölda karla og kvenna. Barátta kvenfrelsinhreyfinganna hefur skilað okkur áleiðis, en nú eru viðsjár í baráttunni á þeim vettvangi. Baráttusystemarnar eru, að því er best verður séð að lokast inni í eigin heim og sitja fastar í hugsun og skynjun fórnarlambins. Það er engu líkara, en þær hafi fengið kynlíf og tiltekin tilbrigði við ofbeldi á heilann. Stofnuð hafa verið tvenns konar öfgasamtök kvenna, Stígamót og Kvennaathvarf, sem fagnar fimmtán ára afmæli sínu um þessar mundir, í þeim göfuga tilgangi að forða konum og börnum þerra úr klóm vígamanna úr röðum karla og feðra. Og því skal ekki leyna, að einu og öðru hafa samtökin góðu og gagnlegu komið til leiðar. Þó er ekki ástæða til að draga dul á það heldur, að starf þeirra getur einnig verið faglega varasamt og á stundum beinlínis meiðandi fyrir alla, sem hlut eiga að máli, þó einkum feður og börn. Hin gagnrýnislaus barnatrú á sakleysi kvenna í ofbeldisfullum samskiptum kynjanna er nú á öld upplýsingar gjörsamlega

óskiljanleg. Vönduðustu kannanir benda eindregið til, að kynin eigi til jafns upptök að alvarlegu ofbeldi, sé bein nauðgun undanskilin. Þó hafa karlmenn góðu heilli tekið sér tak og fækkað nauðgununum um þriðjung eða svo á síðustu árum. Bábiljurnar eru því miður fleiri. Öfgasinnar í röðum kvenna ætla sér ákveðið þá dul að bjarga börnum hinna grátandi mæðra undan feðrum sínum. Svo rammt kveðjur að þessu lítt ígrundaða og löglausa háttalagi, að samtökin meina feðrum samvistir við börn sín vikum saman með þegjandi samþykki yfirvalda og jafnvel með vitorði lögreglu. Mýmörg dæmi eru um brotthlaup kvenna með börn sín, eftir ráðgjöf Kvennaathvarfs. Eftir sitja feður í sárum. Meira að segja konur, sem grunaðar eru um kynferðisafbrot gegn sonum sínum, eru boðnar velkomnar í hin ástríka faðm athvarfsins. Vissulega eru verulegar líkur til, að endrum og sinnum kunni þessi starfsemi að vinna meira tjón en gagn. Og undarleg er sú blinda beggja samtakanna á hin kvenlegu valdbeitingu, sem í fölskum ásökunum um nauðgun, sífjaspell og annað ofbeldi felst, enda þótt slík háttsemi sé vísindalega margsinnis staðfest. Einkum á þetta við, þegar um er að ræða viðsjár í sambúðinni og tekist er á um forsjá barna. En hér liggja svo sem einnig undir ámæli fagmenn í samskiptum fólks, embættismenn og dómara. En þeim er vorkunn. Trúlega hefur engin stofnun íslensks samfélags meiri völd en fögur, kjökrandi móðir.

Að þessu sögðu brennur mér spurn á vör. Er það réttlætanlegt í íslensku samfélagi, sem brennt er ævarandi skömm átakanlegs úrræðaleysis fyrir börn og foreldra í andlegum vanda, að veita jafnvel tugum milljóna króna í slíka starfssemi?